

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna **Ísafjarðarbæjar**, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og **Súðavíkurbrepps**, kt. 630269-4589, Grundarstræti 3, 420 Súðavík, gera hér með með sér svofelldan

Samningur um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í félagsþjónustu

1. Tilgangur

- 1.1. Samningsaðilar eru sammála um að standa sameiginlega að sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í félagsþjónustu, svo sem kveðið er á um í samningi þessum, sbr. 2. gr., og kostnaði vegna þessa í sveitarfélögunum. Um er að ræða lögbundna þjónustu á vegum sveitarfélaganna, sbr. m.a. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. Um félagsþjónustuna

- 2.1. Samningur þessi varðar eftirfarandi þjónustupætti félagsþjónustu:
- 2.1.1. Félagsmálanefnd. (Velferðarnefnd)
 - 2.1.2. Skrifstofa velferðarsviðs.
 - 2.1.3. Fjárhagsaðstoð.
 - 2.1.4. Móttaka flóttamanna.
 - 2.1.5. Stuðningsþjónusta, þ.e. félagsleg heimaþjónusta og liðveisla.
 - 2.1.6. Sérstakar húsaleigubætur. (Sérstakar húsnæðisbætur)
 - 2.1.7. Félagsstarf aldraðra.
 - 2.1.8. Matarþjónusta aldraðra.
 - 2.1.9. Dagdeild, Ísafirði.
 - 2.1.10. Ferðaþjónusta aldraðra og fatlaðra.
 - 2.1.11. Áfengis- og vímuefnavarnir.
 - 2.1.12. Orlofssjóður húsmæðra.
 - 2.1.13. Aðrir þættir félagsþjónustu, sem ekki eru upptaldir í grein þessari.
- 2.2 Ísafjarðarbær veitir íbúum í Súðavíkurbreppi félagslega ráðgjöf í málum sem varða þætti samkvæmt gr. 2.1.
- 2.3 Súðavíkurbreppur heldur þeim stöðugildum, sem verið hafa hjá sveitarfélaginu á sviði félagsþjónustu, s.s. í liðveislum, heimaþjónustu og félagsstarfi aldraðra.

3. Fyrirkomulag sérfræðiráðgjafar, vinnslu mála og stjórnunar

- 3.1. Samningsaðilar eru sammála um að Súðavíkurbreppur greiði hlutfallslega kostnað af rekstri skrifstofu velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Súðavíkurbreppur fái þjónustu í formi sérfræðiráðgjafar, vinnslu mála og stjórnunar samkvæmt samningi þessum.

3.2. Um kostnað vegna samnings þessa fer samkvæmt fjárhagsáætlun, sbr. gr. 7.

4. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

- 4.1. Súðavíkurhreppur hefur skilgreint hlutastöðugildi í stjórnun og ráðgjöf af hálfu BsVest, líkt og hin sveitarfélögin. Það mun falla til Ísafjarðarbæjar, sem og fjármagnið sem fylgir því stöðugildi og fötlunarþjónustunni almennt.
- 4.2. BsVest hefur umsjón með útreikningum á stöðugildaþörf þjónustusvæðanna í stjórnun og ráðgjöf.

5. Velferðarnefnd

- 5.1. Velferðarnefnd er skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Ísafjarðarbær skipar fjóra fulltrúa og fjóra til vara. Súðavíkurhreppur skipar einn nefndarmann og einn til vara. Nefndarfundir eru að jafnaði haldnir í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að nefndin fundi að jafnaði tvisvar sinnum á ári í fundarsal sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Þar sem samningur þessi er gerður á miðju kjörtímabili eru aðilar aftur á móti sammála um að gera ekki breytingar á skipan í velferðarnefnd fyrr en í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum sem munu fara fram árið 2022, og vísast til 2. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þess efnis að Súðavíkurhreppur muni tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi velferðarnefndar fram að þeim tíma.

6. Kostnaður og greiðslur vegna velferðarnefndar

- 6.1. Sveitarfélögin greiða hvort um sig nefndarlaun sinna fulltrúa í velferðarnefnd, aksturskostnað og annað sem til fellur vegna starfa sinna fulltrúa í nefndinni.
- 6.2. Allur annar kostnaður vegna velferðarnefndar skal greiðast sem hlutfall af íbúafjölda í sveitarfélögunum ár hvert. Við gerð fjárhagsáætlunar skal miða við íbúatölu þann 1. janúar yfirstandandi árs og sendir Ísafjarðarbær reikning mánaðarlega til Súðavíkurhrepps vegna hlutfallskostnaðar. Súðavíkurhreppi eru sendar upplýsingar þegar gerð fjárhagsáætlunar stendur yfir þannig að svigrúm skapist til upplýsingagjafar og samvinnu um áætlunina.

7. Fjárhagsáætlunargerð

- 7.1. Á grundvelli sameiginlegrar ábyrgðar sveitarfélaganna tveggja, sem standa að samningi þessum, skal leggja fjárhagsáætlanir beggja sveitarfélaganna fyrir hvert ár í viðkomandi málaflökkum fram til kynningar og umfjöllunar í velferðarnefnd. Skal leggja þær fyrir velferðarnefnd áður en kemur til fyrri umræðu bæjar- og sveitarstjórnar ár hvert, vegna fjárhagsáætlunar næsta árs. Verði gerðar athugasemdir við áætlunina skal þeim komið á framfæri áður en áætlunin fer til seinni umræðu í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

8. Meðferð viðauka

8.1. Komi til kostnaðarauka vegna óvæntra útgjalda á yfirstandandi fjárhagsári skal leggja fram viðauka með greinargerð fyrir bæjarráð og sveitarstjórn í báðum þeim sveitarfélögum, sem að samningi þessum standa.

9. Gildistími og almenn ákvæði

- 9.1. Samningur þessi skal tekinn til endurskoðunar ef aðilar óska þess, lög og reglur breytast, eða aðstæður verða með þeim hætti að samstarf það, sem hann grundvallast á, verður óþarft eða óframkvæmanlegt.
- 9.2. Samningur þessi er tímabundinn til þriggja ára, með möguleika á framlengingu um eitt ár í senn til tveggja ára til viðbótar, en heimilt er að segja honum upp með gagnkvæmum sex (6) mánaða uppsagnarfresti.
- 9.3. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda eftir einu eintaki.
- 9.4. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.
- 9.5. Öllu framanrituðu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir viðauka þennan í votta viðurvist.
- 9.6. Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd aðila ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir viðkomandi til þess að skuldbinda hann.

Ísafirði, 29/6 2020

f.h. Ísafjarðarbæjar



Birgir Gunnarsson
Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

f.h. Súðavíkurhrepps



Bragi Þór Thoroddsen
Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps